

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn, nr. 375
29. september 1985.**

1. gr.

Liður 2.3 í 2. gr. orðist svo:

Hafnarnefnd kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. nóvember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um sérstakan söluskatt.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% — tíu af hundraði — sérstakan söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sá sem selur eða afhendir í atvinnuskyni eða tekur til eigin nota vöru eða verðmæti sem um ræðir í 3. gr. eða innir af hendi vinnu og þjónustu sem um ræðir í 4. gr. skal með þeim takmörkunum sem gerðar eru í reglugerð þessari innheimta sérstakan söluskatt samkvæmt 1. gr. af andvirði hins selda og standa skil á honum í ríkissjóð.

3. gr.

Greiða skal sérstakan söluskatt af sölu á allri matvöru annarri en þeirri sem um getur í 2. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki greiða sérstakan söluskatt af sölu á eftirtalinni matvöru:

- a) Nýmjólk, G-mjólk, léttmjólk, rjóma, sýrðum rjóma, kaffi- og þeytirjóma, skyri (hreinu sem blönduðu), sýrðri mjólk, jógúrt (hreinni sem blandaðri), mysu, undanrennu og smjöri.
- b) Hvers konar osti, þ.m.t. kotasælu.
- c) Nýjum fiski, þ.m.t. vatnafiski, humar, rækju og skelfiski, hvort sem hann er heill, flakaður, hakkaður eða bútaður. Sama á við um saltaðan, siginn, frosinn, reyktan, grafinn, kryddleginn (einnig í brauðraspi) og kæstan fisk. Fiskur sem hlotið hefur einhverja vinnslu- eða geymslumeðferð umfram það sem að ofan greinir er hins vegar skattskyldur.